

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis

við Sögufélag

um rekstrarframlag

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Sögufélag, kt. 640269-5029, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Auka þekkingu, skilning og áhuga á sögu Íslands
- Gera Sögufélagi kleift að miðla efni um sögu og sagnfræðileg efni í samræmi við markmið félagsins sem skilgreind eru í annarri grein laga þess, þar sem segir: „Markmið félagsins er að gefa út tímarit, heimildarit og annað efni um sagnfræði og söguleg efni, einkum um sögu Íslands.“
- Tryggja framgang stefnu málefna sviðs 18 í málaflokki 18.3, sbr. fjármálaáætlun 2019-2023.
- Með samningi þessum skuldbindur Sögufélag sig til að vinna að markmiðum sínum með markvissum hætti.

1.2. Verkefni

- Sögufélag gefur út tímaritið *Sögu*, vönduð sagnfræðirit um sögu Íslands, heimildarit og annað sögulegt efni. Útgefin rit félagsins skulu vera fjölbreytt að efnisvali og gefin út á prenti eða með rafrænum hætti. Skipuleg ritstjórn og formleg ritrýni er viðhöfð þar sem við á til að tryggja faglega og vandaða útgáfu.
- Sögufélag miðlar upplýsingum um starfsemi sína með því að kynna viðfangsefni sín skipulega, vekja umræðu um útgáfur sínar og stuðla markvisst að samræðu í samfélaginu um söguleg efni. Það gerir félagið með málþingum, höfundakvöldum og viðburðum.
- Sögufélag á frumkvæði að samstarfi við stofnanir, skóla, fræði- og menningarfélög til að ná markmiðum sínum.
- Sögufélag setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi hans, svo sem skýrslur, upplýsingar um bækur og útgáfuverk, útgáfuáætlanir og stefnir að aukinni rafrænni miðlun eldri útgáfuverka og nýrra rafbóka.

1.3. Starfsemi

- Sögufélag var stofnað árið 1902 og starfar eftir lögum sem það þá setti sér, með áorðnum breytingum.
- Í maí 2016 setti Sögufélag sér almenna stefnu byggða á lögum þess, þar sem áhersla er lögð á útgáfu vandaðra útgáfuverka, öflugt kynningar- og miðlunarstarf og markvissa ráðstöfun fjár til útgáfuverka með starfrækslu útgáfusjóðs.
- Til að ná þessum markmiðum setti félagið sér einnig sérstaka útgáfustefnu sem tryggja skal gæði, fjölbreytni, verklag og fjárhagslega ábyrgð allra útgefna verka.

LDA
/

- Til þess að framfylgja útgáfustefnunni hefur Sögufélag sett sér verklagsreglur til þess að tryggja gæði útgáfunnar og rekstur félagsins.

1.4. Áherslur

Sögufélag taki mið af menningarstefnu stjórnvalda.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerðar nr. 642/2018.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og við Alþingi.
- 2.3. Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18 menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, málaflokki 18.3 Menningarsjóðir sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015
- 2.4. Sögufélag starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 2.5. Sögufélag skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

3. Fjárhagsleg skuldbinding

- 3.1. Framlag ríkisins til Sögufélags fyrir árið 2019 er 7,5 m.kr. Áætlað árlegt framlag fyrir árin 2020-2021 er 7,5 m.kr.
- 3.2. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 18.3 Menningarsjóðir í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 3.3. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Sögufélag ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 18.3 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 18.3 hjá Sögufélaginu.
- 3.4. Fjárhagsleg ábyrgð ráðuneytisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.5. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag sitt í samræmi við greiðsluáætlun sem ráðuneyti samþykkir í lok árs og hefjast greiðslur í janúar ár hvert. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Sögufélags.

4. Ábyrgð

- 4.1. Sögufélag ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Sögufélag skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 4.2. Sögufélag ber ábyrgð á skuldbindingum sem samtökin eða aðilar á þeirra vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Sögufélaginu er óheimilt að:
 - Afhenda, án skriflegs samþykkis stofnaðila, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Sögufélag skilar ráðuneytinu ársáætlun og starfsáætlun yfirstandandi árs, þar sem fram komi m.a. áætlun um ráðstöfun framlagsins og helstu markmið sem unnið verður að fyrir lok mars

MA
/

ár hvert. Einnig skilar Sögufélag upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri Sögufélags.

- 5.3. Sögufélag skal skila ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júní ár hvert. Jafnframt skal Sögufélag senda afrit af ársreikningi til Ríkisendurskoðunar.
- 5.4. Fulltrúar ráðuneytis og Sögufélags funda að lágmarki árlega um samninginn. Fyrir lok nóvember skilar Sögufélag ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi m.a. staða verkefna og hvernig framlagi var ráðstafað miðað við áætlun. Einnig skal gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar árangri á verkefninu.
- 5.5. Sögufélag skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.6. Sögufélag veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.7. Eigi Sögufélag í viðskiptum við lögaðila sem hún á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hennar, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 5.8. Samning þennan, ársreikning Sögufélags, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Sögufélags jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.


6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Sögufélag tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Sögufélag ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2021.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski Sögufélag eftir endurnýjun samnings eftir að gildistíma samningsins lýkur skal berast umsókn til ráðuneytisins haustið 2021 þegar auglýst hefur verið eftir umsóknum vegna úthlutunar fyrir árið 2022.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 1. júlí 2019



Lilja Alfreðsdóttir,
mennta- og menningarmálaráðherra



Brynhildur Ingvarsdóttir
f.h. Sögufélagsins